

## REGLUR

### um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

#### 1. gr.

##### *Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga.*

Heimilt er að veita aðstoð úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á eftirfarandi hátt til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 89. og 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum:

- a) Með greiðslu upphæðar, sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við könnun á hagkvæmni sameiningar. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.
- b) Með greiðslu upphæðar sem nemur eðlilegum kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vegna aðkeyptrar vinnu við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.
- c) Með greiðslu sérstaks framlags til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga við sameiningu, sbr. 2. gr.
- d) Með óskertum tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum, sbr. 12.-13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, á því ári er sameiningin tekur gildi.
- e) Með sérstöku framlagi í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, er nemi þeirri skerðingu sem kann að verða á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar. Við greiðslu framlaga skal miða við útreiknuð tekjujöfnunarframlög á sameiningarári, að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs. Jafnframt skal framlag taka breytingum í hlutfalli við þá fjármuni sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á ári hverju til greiðslu útgjaldajöfnunarframlaga.
- f) Með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í allt að fimm ár frá sameiningu, sbr. 3. gr.

#### 2. gr.

##### *Skuldajöfnunarframlög.*

Framlög skv. c-lið 1. gr. skal ákveða á grundvelli veltufjármuna sveitarsjóðs ásamt áhættufjármunum og langtímakröfum, að frádregnum skammtíma- og langtímaskuldum, í hlutfalli við tekjur miðað við ársreikning næstliðins árs fyrir sameiningu.

Við mat á fjárhagsstöðu sveitarfélags skal m.a. höfð hliðsjón af þjónustustigi í sveitarfélagi og stöðu framkvæmda á vegum sveitarsjóðs gagnvart lögbundnum verkefnum, auk raunvirðis eftirtalinna eigna og skuldbindinga:

- a) Eignir:
  - 1) Eignarhlutar í félögum:
    - i) Hlutabréf.
    - ii) Eignarhlutar í fyrirtækjum sveitarfélagsins, s.s. veitufyrirtækjum.
    - iii) Eignarhlutar í öðrum félögum.
  - 2) Aðrar eignir sem ekki eru nauðsynlegar til að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín.
- b) Skuldbindingar:

- 1) Ábyrgðarskuldbindingar sem fallið hafa á sveitarsjóð eftir lok reikningsskilatímabils eða er ljóst að muni falla á sveitarsjóð.
- 2) Skuldbindingar vegna eigin fyrirtækja sveitarfélags eða verkefna með öðrum, sem ætla má að lendi á sveitarsjóði í formi framlaga.
- 3) Verksamningar.

3. gr.

*Framlög til endurskipulagningar.*

Heimilt er að veita með eftirfarandi hætti framlög til endurskipulagningar þjónustu og stjórnarsýslu, sbr. f-lið 1. gr., á grundvelli rökstuddra umsókna frá hlutaðeigandi sveitarfélagi, þar sem fram kemur þörf fyrir verkefni:

- a) Til þátttöku í launakostnaði framkvæmdastjóra enda hafi ekki áður verið starfandi framkvæmdastjóri í hinum sameinuðu sveitarfélögum. Aðstoð má nema allt að 75% af launum sem ráðgjafarnefnd metur eðlileg miðað við stærð sveitarfélags og umfang verkefna.
- b) Til þátttöku í stofnkostnaði grunnskóla- og leikskólamannvirkja. Aðstoð má nema allt að 50% af stofnkostnaði en við útreikning skal hafa hliðsjón af áætluðu söluverði eldri mannvirkja, þar sem um þau er að ræða, samkvæmt mati löggilts fasteignasala.
- c) Til þróunar á stjórnarsýslu og/eða þjónustu sveitarfélags fyrstu fjögur árin eftir sameiningu.

4. gr.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs getur samþykkt nánari vinnureglur um framkvæmd þessara reglna.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þær þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 619/1994, með síðari breytingum.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Framlög skv. e- og f-lið 1. gr. greiðast aðeins til sveitarfélaga þar sem sameining hefur tekið gildi 1. janúar 2001 og síðar.

Útreikningur útgjalda jöfnunarframlaga skv. e-lið 1. gr. til sveitarfélaga sem sameinuðust árið 2002 skal miðast við áætlun sjóðsins um framlög, sem sveitarfélögin hefðu fengið úthlutað á árinu 2003 á grundvelli 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, hefði ekki komið til sameiningar.

*Félagsmálaráðuneytinu, 9. apríl 2003.*

**Páll Pétursson.**

*Garðar Jónsson.*